

yrði sektaður fyrir þessi ummæli: „Svona eru félagsmenn K. E. A. hreldir, að þeir þora ekki í sumum tilfellum að segja sannleikann.“ Þar sem ummæli þessi eru svo almenns eðlis, enda dregið úr þeim með hinum tilvitnuðu orðum: „í sumum tilfellum“, þá þykir eftir atvikum ekki ástæða til að sekta stefnanda fyrir þau.

Samkvæmt þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda kr. 160.00 plus kr. 240.00 plus kr. 118.02 plus kr. 120.00 plus kr. 30.00 plus kr. 20.00, eða samtals kr. 688.02, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1940.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 267.80.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur í þessu máli, stjórn Kaupfélags Eyfirðinga, þeir alþm. Einar Árnason, alþm. Bernharð Stefánsson, ritstjóri Ingimar Eydal, kennari Kristján Sigurðsson, allir til heimilis á Akureyri, og Þórarinn Kr. Eldjárn bóndi, Tjörn, greiði f. h. Kaupfélags Eyfirðinga stefnandanum, Oddi Ágústssyni í Hrisey fyrir hönd Hriseyjarhrepps, kr. 688.02 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1940 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefnda kaupfélagsstjórn stefnandanum kr. 267.80.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvember 1942.

Nr. 80/1942. **Gunnar Sigurðsson** (Sjálfur)

gegn

Engilbert Hafberg og gagnsök

(Magnús Thorlacius).

Heimt söluverðs sauðfjár.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. ág. þ. á., krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda og að lögaldsgerð 22. og 23. sept. s. á. verði úr gildi felld, en

til vara, að fjárhæð sú, er honum kynni að verða dæmt að greiða gagnáfrýjanda, verði lækkuð frá því, sem í héraðsdómi segir, eftir mati hæstaréttar. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 8. ág. þ. á., krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 3170.00 með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1941 til greiðsludags, en *tíl vara*, að héraðsdómurinn verði staðfestur. Svo krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Samkvæmt flutningi málsins fyrir hæstarétti töluðust aðiljar við um kindakaup þau, er í máli þessu greinir, að því er virðist, fyrir miðjan júlí 1941, og greindi gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda þá bæði tölu og verð kinda þeirra, er til stóð, að hann seldi aðaláfrýjanda. Litlu síðar eða um líkt leyti skoðaði aðaláfrýjandi nokkurn hluta fjárins, enda átti hann kost á að skoða það allt. Gagnáfrýjandi telur aðaláfrýjanda hafa samþykkt að greiða 3500.00 af kaupverði fjárins þegar og fyrir eftirstöðvunum, kr. 3500.00, hafi hann átt að gefa út vixil með gjalddaga „fyrir réttir“. Í júlí 1941 greiddi aðaláfrýjandi 1500 kr. upp í kaupverðið, og gefur gagnáfrýjandi þá út kvittun, þar sem hann viðurkennir sig hafa veitt viðtöku téðri fjárhæð fyrir sauðkindur, er hann hafi selt aðaláfrýjanda „eftir nánara samkomulagi, er síðar verður gengið frá.“ Aðiljum kemur ekki saman um skilning hinna tilvitnuðu orða. Telur aðaláfrýjandi þau eiga við það, að kaupverðið skyldi ákveðið síðar, en gagnáfrýjandi telur við greiðslutíma kaupverðsins átt, með því að aðaláfrýjandi hafði ekki greitt fyrri hluta þess, eins og tilskilið var. Ef tilætlun aðaláfrýjanda með hinni tilvitnuðu setningu var sú, að láta kaup aðilja standa, en mæla sig jafnframt undan skyldu til að greiða nokkurt tiltekið kaupverð fyrir féð, þá hefði honum borið og líka verið innan handar að láta svo skýrt um þetta mælt, að ekki yrði um villzt. Þann 31. júlí lét aðaláfrýjandi smala og slátra 10 af hinum keyptu lömbum að gagnáfrýjanda fornspurðum, og 11. ágúst greiðir aðaláfrýjandi 2000 kr.

upp í kaupverðið, án þess að nokkuð nýtt væri ákveðið um það, svo að séð verði, nema það, að gagnáfrýjandi kveðst þá hafa slegið 5 krónum af kaupverði hvernar seldrar ær, og nam sá afsláttur 330 krónum. Um þessa staðhæfingu gagnáfrýjanda hefur aðaláfrýjandi ekki tjáð sig sérstaklega. Loks hagnýtti aðaláfrýjandi sér allar kindurnar haustið 1941, er af fjalli heimtust, án þess að greiða afgang kaupverðsins, sem talinn er kr. 3170.00, og án þess að gengið væri frá samningum um kaupverð kindanna. Með háttsemi sinni þykir aðaláfrýjandi hafa firrt sig heimild til véfengingar á kaupverði því, er gagnáfrýjandi setti í öndverðu á féð, jafnvel þótt þess hefði verið kostur eftir orðum frammanefndrar kvittunar, sbr. 47. gr. og 52. gr. laga nr. 39/1922, nema gagnáfrýjandi hefði beitt hann ósannindum, er máli skipti, í skiptum þeirra, en um það eru engar sönnur né líkindi fram komin.

Samkvæmt framanskráðu verður að telja aðaláfrýjanda bundinn við kaupverð það, er gagnáfrýjandi setti, og ber aðaláfrýjanda því að greiða gagnáfrýjanda eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 3170.00, með 6% ársvöxtum frá 24. sept. til greiðsludags.

Af ástæðum þeim, sem í héraðsdómi getur, ber að staðfesta ákvæði hans um löghaldsgerðina 22. og 23. sept. 1941.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals 1000.00 kr. í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Gunnar Sigurðsson, greiði gagnáfrýjanda, Engilbert Hafberg, kr. 3170.00 með 6% ársvöxtum frá 24. sept. 1941 til greiðsludags og samtals kr. 1000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Löghaldsgerðin er staðfest.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. sept. 1941, af Engilbert Hafberg kaupmanni, Viðey, gegn Gunnari Sigurðssyni lögfræðingi, Hafnarstræti 4 hér í bænum, til greiðslu eftirstöðva skuldar, að fjárhæð kr. 3170.00, með 6% ársvöxtum frá 1. september 1941 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. — Enn fremur krefst stefnandi staðfestingar löghaldsgerðar, er fram fór í fúgetarétti Reykjavíkur 22. og 23. september 1941 til tryggingar hinum umkröfðu skuldaeftirstöðvum.

Stefndur krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar stefnukröfunnar eftir mati réttarins. Loks krefst hann ómerkingar löghaldsgerðarinnar, hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að sumarið 1941 gerðust þau kaup með aðiljum máls þessa, að stefndur keypti af stefnanda 66 ær með lömbum, 14 veturgamlar gimbrar og 2 hrúta. Fé þetta var í Viðey veturinn 1940 til 1941, en seint í júní eða snemma í júlí var það flutt til lands til hagagöngu. Við það tækifæri sá stefndur einhvern hluta þess og virðist hafa átt þess kost að skoða það allt, án þess þó að gera það. Enda þótt kaup þessi tækjust, er svo að sjá, sem ekki hafi orðið fullt samkomulag um verð fjárens, og enn fremur er óljóst, hvernig samizt hefur um greiðslu kaupverðsins.

Verð fjárens telur stefnandi endanlega hafa verið ákveðið þannig:

1) 66 ær með lömbum á kr. 85.00	kr. 5610.00
2) 14 veturgamlar gimbrar á kr. 65.00	— 910.00
3) 2 hrútar á kr. 75.00	— 150.00
	<hr/>
	Samtals kr. 6670.00

Upp í kaupverðið hefur stefndur greitt í tvennu lagi kr. 3500.00, og fór síðari greiðslan fram 11. ágúst 1941. Telur stefnandi því til 3170.00 króna skuldar hjá stefndum, er hann krefur hann um í máli þessu, en löghald var lagt á eignir stefnds fyrir þeirri fjárhæð 22. og 23. september 1941, svo sem hér er greint.

Sýknukröfuna byggir stefndur á því, að stefnandi hafi blekkst hann í umræddum kaupum. Hann hafi staðhæft, að féð væri ekki mæðiveikt, og gefið sér ástæðu til að ætla, að féð væri gott. Síðar hafi þó komið í ljós, að féð hafi verið mæðiveikt og „svikin vara“. Í málinu er viðurkennt af stefndum, að hann hafi vitað, að einn hrútur úr stofninum hafi drepizt úr mæðiveiki. Mátti hann því búast við, að féð kynni að vera að einhverju leyti sýkt, og þar sem stefndur, er mun hafa gott vit á sauðfé, sá nokkurn hluta fjárens um það leyti, er kaupin gerðust, og átti þess kost að skoða það allt, þykir ekki unnt að ætla þá staðhæfingu hans rétta, að stefnandi

hafi blekkt hann um gæði fjárins. Verður sýknukröfunni því ekki sinnt.

Lækkunarkröfuna byggir stefndur á því, að aldrei hafi verið endanlega samið um verð fjárins og verð það, er stefndur heimti, sé til muna of hátt og ósanngarnt.

Það má telja upplýst í máli þessu, að verð vel framangenginna áa loðinna og lembdra hafi á þessu tímabili verið frá kr. 65.00 til 90.00 hér sunnan lands. Af ýmsum gögnum málsins, sérstaklega vogarvottorðum um dilkaþunga, þykir mega ráða, að fénaður sá, er stefndur keypti af stefnanda, hafi verið í rýrara lagi. Enn fremur ber þess að gæta, að fénaðurinn var allur rúinn, er stefndur keypti, og fylgdi vorullin ekki með í kaupunum. Af þessum ástæðum öllum og með því að stefnanda hefur ekki tekizt að sanna, að endanlega hafi verið um verðið samið, þá telur rétturinn, að lækka beri hið umkrafða verð fjárins, og lítur hann svo á, að hæfileg lækkun sé kr. 6.00 á hverja kind, eða samtals kr. 492.00. Ber því að dæma stefndan til að greiða stefnanda stefnukröfuna, að frádreginni þessari fjárhæð, eða kr. 2678.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 24. september 1941, til greiðsludags.

Kröfuna um ómerkingu löghaldsgerðarinnar byggir stefndur á því, að skuldin hafi ekki verið fallin í gjalddaga, þegar löghaldið var á lagt.

Aðiljar deila um, hvenær gjalddagi eftirstöðva þessara hafi átt að vera. Heldur stefnandi því fram, að gjalddagi hafi verið löngu liðinn, er löghaldið var gert, en stefndur, að hann hafi átt að vera mun seinna, eða ekki fyrr en í lok sláturtíðar. Hvorugur aðilja hefur sannað mál sitt að þessu leyti, og verður því að telja, að skuldaeftirstöðvarnar hafi fallið í gjalddaga, þegar er stefnandi krafðist þeirra, en það gerði hann fyrir löghaldið. Ber því að lita svo á, að gjalddagi skuldarinnar hafi verið kominn, áður en löghaldið var á lagt, og með því að ekki er annað að framkvæmd þess fundið, ber að staðfesta það til tryggingar hinum tildæmdu fjárhæðum.

Í málskostnað ber að gera stefndum að greiða stefnanda kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Gunnar Sigurðsson, greiði stefnandanum, Engilbert Hafberg, kr. 2678.00 með 5% ársvöxtum frá 24. september 1941 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað, og staðfestist framangreind löghaldsgerð til tryggingar þessum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.